

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/543

2019/EES/82/15

frá 3. apríl 2019

um breytingu á IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 661/2009 og I., III. og IV. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB að því er varðar uppfærslu tilvísana í tilteknar reglugerðir og innleiðingu tiltekinna reglugerða efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB frá 5. september 2007 um ramma um viðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki (rammatilskipun) ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 39. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 661/2009 frá 13. júlí 2009 um gerðarviðurkenningarkröfur að því er varðar vélknúin ökutæki og eftirvagna þeirra og kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar sem ætlaðar eru í slík ökutæki, með tilliti til almenns öryggis ⁽²⁾, einkum a- og f-lið 1. mgr. 14. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í IV. viðauka við tilskipun 2007/46/EB eru taldar upp kröfurnar sem gilda að því er varðar EB-gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja. Þessar kröfur fela í sér löggjöf Sambandsins og í sumum tilvikum reglugerðir Sameinuðu þjóðanna, sem voru samþykktar í tengslum við efnahagsnefnd Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu, sem annaðhvort er skylt að beita eða eru annar kostur við kröfum Sambandsins.
- 2) Í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 661/2009 eru taldar upp reglugerðir Sameinuðu þjóðanna sem skylt er að beita í tengslum við almennt öryggi ökutækja.
- 3) Skrárnar yfir kröfur, sem gilda að því er varðar EB-gerðarviðurkenningu í IV. viðauka við tilskipun 2007/46/EB, og skráin yfir reglugerðir Sameinuðu þjóðanna, sem skylt er að beita skv. IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 661/2009, eru oft uppfærðar til að endurspeglar beitingu nýrra krafna, á vettvangi Sambandsins, í viðkomandi reglugerðum Sameinuðu þjóðanna.
- 4) Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 0 um alþjóðlega gerðarviðurkenningu fyrir fullbúin ökutæki ⁽³⁾ var nýlega samþykkt innan ramma efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu til að draga úr viðskiptahindrunum á milli samningsaðilanna sem beita þessari reglugerð Sameinuðu þjóðanna, þar á meðal Sambandsins og aðildarríkja þess, og skapa meiri öryggi fyrir framleiðendur ökutækja sem sækjast eftir viðurkenningu á gerðarviðurkenningum sínum hjá þessum samningsaðilum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjórnartíð. ESB L 95, 4.4.2019, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 216/2019 frá 27. september 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjórnartíð. ESB L 263, 9.10.2007, bls. 1.

(2) Stjórnartíð. ESB L 200, 31.7.2009, bls. 1.

(3) Stjórnartíð. ESB L 135, 31.5.2018, bls. 1.

- 5) Rétt þykir að uppfæra skrárnar yfir kröfur, sem gilda að því er varðar EB-gerðarviðurkenningu ökutækja í IV. viðauka við tilskipun 2007/46/EB, auk skrárinnar yfir reglugerðir Sameinuðu þjóðanna sem skylt er að beita skv. IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 661/2009, til að endurspeglar þær breytingar sem voru innleiddar með reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 0.
- 6) Taflan í II. hluta IV. viðauka við tilskipun 2007/46/EB er úrelt. Af þessum sökum er nauðsynlegt að uppfæra skrána yfir reglugerðir Sameinuðu þjóðanna þar sem kröfur þeirra teljast jafngildar kröfum Sambandsins að því er varðar EB-gerðarviðurkenningar.
- 7) Einnig er nauðsynlegt að uppfæra skrána yfir upplýsingar að því er varðar EB-gerðarviðurkenningu ökutækja í I. viðauka og upplýsingaskjalið í A-þætti I. hluta III. viðauka við tilskipun 2007/46/EB með tilvísunum í hljóðviðvörðunarkerfi sem á annaðhvort að samþykkja í samræmi við ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 540/2014 ⁽⁴⁾ eða reglugerðar Sameinuðu þjóðanna nr. 138 ⁽⁵⁾.
- 8) Hinn 1. september 2018 öðluðust gildi nýjar reglugerðir Sameinuðu þjóðanna nr. 140 ⁽⁶⁾ og 141 ⁽⁷⁾. Gefa ætti framleiðendum nægan tíma til að aðlaga ökutæki sín að nýju kröfunum. Með hliðsjón af EB-gerðarviðurkenningu ætti því að koma skýrt fram að þessar kröfur gilda aðeins um nýjar gerðir ökutækja að því er varðar rafrænan stöðugleikabúnað þeirra og vöktunarkerfi fyrir þrýsting í hjólbörðum.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit tækninefndarinnar um vélknúin ökutæki.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 661/2009 er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Ákvæðum I., III. og IV. viðauka við tilskipun 2007/46/EB er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

1. Frá og með 24. apríl 2019 skulu aðildarríkin aðeins samþykkja viðurkenningar, sem veittar eru samkvæmt reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 140, að því er varðar EB-gerðarviðurkenningu nýrra gerða ökutækja með hliðsjón af rafrænum stöðugleikabúnaði þeirra.

2. Frá og með 24. apríl 2019 skulu aðildarríkin aðeins samþykkja viðurkenningar, sem veittar eru samkvæmt reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 141, að því er varðar EB-gerðarviðurkenningu nýrra gerða ökutækja með hliðsjón af vöktunarkerfi þeirra fyrir þrýsting í hjólbörðum.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

⁽⁴⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 540/2014 frá 16. apríl 2014 um hljóðstig vélknúinna ökutækja og hljóðdeyfikerfa til endurnýjunar og breytingu á tilskipun 2007/46/EB og um niðurfellingu tilskipunar 70/157/EBE (Stjttð. ESB L 158, 27.5.2014, bls. 131).

⁽⁵⁾ Stjttð. ESB L 9, 13.1.2017, bls. 33.

⁽⁶⁾ Stjttð. ESB L 269, 26.10.2018, bls. 17.

⁽⁷⁾ Stjttð. ESB L 269, 26.10.2018, bls. 36.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. apríl 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Ákvæðum IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 661/2009 er breytt sem hér segir:

1) Töflunni er breytt sem hér segir:

a) Í stað línunnar fyrir reglugerð nr. 10 kemur eftirfarandi:

„10	Rafsegulviðssamhæfi	1. viðbót við röð breytinga nr. 05	Stjttíð. ESB L 41, 17.2.2017, bls. 1.	M, N, O ⁴ .
-----	---------------------	------------------------------------	---------------------------------------	------------------------

b) Í stað línunnar fyrir reglugerð nr. 16 kemur eftirfarandi:

„16	Öryggisbelti, aðhaldsbúnaður, aðhaldsbúnaður fyrir börn og Isofix-aðhaldsbúnaður fyrir börn	2. viðbót við röð breytinga nr. 07	Stjttíð. ESB L 109, 27.4.2018, bls. 1.	M, N (d) ⁴ .
-----	---	------------------------------------	--	-------------------------

c) Í stað línunnar fyrir reglugerð nr. 34 kemur eftirfarandi:

„34	Varnir gegn eldhættu (eldsneytisgeymar fyrir fljótandi eldsneyti)	1. viðbót við röð breytinga nr. 03	Stjttíð. ESB L 231, 26.8.2016, bls. 41.	M, N, O (e) ⁴ .
-----	---	------------------------------------	---	----------------------------

d) Í stað línunnar fyrir reglugerð nr. 39 kemur eftirfarandi:

„39	Hraðamælíbúnaður og uppsetning hans	1. viðbót við röð breytinga nr. 01	Stjttíð. ESB L 302, 28.11.2018, bls. 106.	M, N ⁴ .
-----	-------------------------------------	------------------------------------	---	---------------------

e) Í stað línunnar fyrir reglugerð nr. 44 kemur eftirfarandi:

„44	Aðhaldsbúnaður fyrir börn sem eru farþegar í aflknúnum ökutækjum („aðhaldsbúnaður fyrir börn“)	10. viðbót við röð breytinga nr. 04	Stjttíð. ESB L 265, 30.9.2016, bls. 1.	M, N (h) ⁴ .
-----	--	-------------------------------------	--	-------------------------

f) Í stað línunnar fyrir reglugerð nr. 48 kemur eftirfarandi:

„48	Uppsetning ljósa- og ljósmerkja-búnaðar á vélknúnum ökutækjum	10. viðbót við röð breytinga nr. 06	Stjttíð. ESB L 14, 16.1.2019, bls. 42.	M, N, O ⁴ .
-----	---	-------------------------------------	--	------------------------

g) Í stað línunnar fyrir reglugerð nr. 58 kemur eftirfarandi:

„58	Undirakstursvarnarbúnaður að aftan og uppsetning hans, undirakstursvörn að aftan	Röð breytinga nr. 03	Stjttíð. ESB L 49, 20.2.2019, bls. 1.	M, N, O ⁴ .
-----	--	----------------------	---------------------------------------	------------------------

h) Í stað línunnar fyrir reglugerð nr. 67 kemur eftirfarandi:

„67	Vélknúin ökutæki sem nota fljótandi jarðólúgas	14. viðbót við röð breytinga nr. 01	Stjttíð. ESB L 285, 20.10.2016, bls. 1.	M, N ⁴ .
-----	--	-------------------------------------	---	---------------------

i) Í stað línunnar fyrir reglugerð nr. 79 kemur eftirfarandi:

„79	Stýrisbúnaður	Röð breytinga nr. 03	Stjttíð. ESB L 318, 14.12.2018, bls. 1.	M, N, O ⁴ .
-----	---------------	----------------------	---	------------------------

j) Í stað línunnar fyrir reglugerð nr. 94 kemur eftirfarandi:

„94	Verndun ökumanns og farþega við árekstur að framan	Röð breytinga nr. 03	Stjttíð. ESB L 35, 8.2.2018, bls. 1.	M ¹ “.
-----	--	----------------------	--------------------------------------	-------------------

k) Í stað línunnar fyrir reglugerð nr. 100 kemur eftirfarandi:

„100	Rafmagnsöryggi	3. viðbót við röð breytinga nr. 02	Stjttíð. ESB L 302, 28.11.2018, bls. 114.	M, N ⁴ “.
------	----------------	------------------------------------	---	----------------------

l) Í stað línunnar fyrir reglugerð nr. 107 kemur eftirfarandi:

„107	Ökutæki í flokkum M ₂ og M ₃	1. viðbót við röð breytinga nr. 07	Stjttíð. ESB L 52, 23.2.2018, bls. 1.	M ₂ , M ₃ “.
------	--	------------------------------------	---------------------------------------	------------------------------------

m) Í stað línunnar fyrir reglugerð nr. 117 kemur eftirfarandi:

„117	Hjólbarðar með tilliti til hávaðamengunar þeirra í snúningi, veggrips á blautu yfirborði og snúningsmótstöðu (flokkar C1, C2 og C3)	8. viðbót við röð breytinga nr. 02	Stjttíð. ESB L 218, 12.8.2016, bls. 1.	M, N, O ⁴ “.
------	---	------------------------------------	--	-------------------------

n) Í stað línunnar fyrir reglugerð nr. 119 kemur eftirfarandi:

„119	Beygjuljós	3. viðbót við röð breytinga nr. 01	Stjttíð. ESB L 89, 25.3.2014, bls. 101.	M, N (h) ⁴ “.
------	------------	------------------------------------	---	--------------------------

o) Í stað línunnar fyrir reglugerð nr. 123 kemur eftirfarandi:

„123	Aðlögunarhæf framljósakerfi	9. viðbót við röð breytinga nr. 01	Stjttíð. ESB L 49, 20.2.2019, bls. 24.	M, N ⁴ “.
------	-----------------------------	------------------------------------	--	----------------------

p) Í stað línunnar fyrir reglugerð nr. 125 kemur eftirfarandi:

„125	Sjónsvið fram á við	1. viðbót við röð breytinga nr. 01	Stjttíð. ESB L 20, 25.1.2018, bls. 16.	M ¹ “.
------	---------------------	------------------------------------	--	-------------------

q) Í stað línunnar fyrir reglugerð nr. 128 kemur eftirfarandi:

„128	Ljósgejafar með ljósdíóðum (LED)	6. viðbót við upprunalega útgáfu reglugerðarinnar	Stjttíð. ESB L 320, 17.12.2018, bls. 63.	M, N, O ⁴ “.
------	----------------------------------	---	--	-------------------------

r) Eftirfarandi nýjar línur nr. 140. og 141. bætast við:

„140	Stöðugleikabúnaður	2. viðbót við upprunalega útgáfu reglugerðarinnar	Stjttíð. ESB L 269, 26.10.2018, bls.17.	M ₁ , N ₁
141	Vöktunarkerfi fyrir þrýsting í hjólbörðum	Upprunaleg útgáfa reglugerðarinnar	Stjttíð. ESB L 269, 26.10.2018, bls. 36.	M ₁ , N ₁ (i) ⁴ “.

2) Í stað athugasemdar (b) við töfluna kemur eftirfarandi:

„(b) Gerð er krafa um uppsetningu rafræns stöðugleikabúnaðar í samræmi við 1. og 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 661/2009.“

3) Í stað athugasemdar (c) við töfluna kemur eftirfarandi:

„(c) Gerð er krafa um uppsetningu rafræns stöðugleikabúnaðar í samræmi við 1. og 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 661/2009.“

4) Í stað athugasemdar (f) við töfluna kemur eftirfarandi:

„(f) Þegar framleiðandi ökutækis lýsir því yfir að ökutæki sé útbúið til að draga hleðslu (liður 2.11.5 í I. viðauka við tilskipun 2007/46/EB) og að einhver hluti af véltengibúnaðinum, óháð því hvort hann er festur á tiltekna gerð vélknúna ökutækisins eða ekki, gæti skyggt (að hluta til) á ljósabúnað og/eða flöt þar sem skráningarmerki er sett upp eða fest að aftan, gildir eftirfarandi:

- Í notkunarleiðbeiningum fyrir vélknúna ökutækið (t.d. notendahandbók, handbók ökutækis) skal skýrt tekið fram að uppsetning véltengibúnaðar, sem erfitt er að losa eða færa, er ekki heimil,
- Í leiðbeiningunum skal einnig skýrt tekið fram að alltaf verði að losa eða færa véltengibúnað, sem hefur verið settur upp, þegar hann er ekki í notkun og
- ef um er að ræða gerðarviðurkenningu kerfa í ökutækjum, samkvæmt reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 55, skal tryggja að ákvæðum um losun, færslu og/eða aðra staðsetningu sé einnig fylgt til hlítar að því er varðar ljósabúnað og flöt þar sem skráningarmerki er sett upp eða fest að aftan.“

5) Eftirfarandi athugasemd (h) er bætt við töfluna:

„(h) Almenn alþjóðleg gerðarviðurkenning fyrir fullbúin ökutæki, sem gefin er út samkvæmt reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 0 (Stjórið. ESB L, 31.5.2018, bls. 1) og felur í sér gerðarviðurkenningu samkvæmt viðkomandi reglugerðum Sameinuðu þjóðanna í töflunni sem vísar til þessarar athugasemdar, skal teljast jafngild EB-gerðarviðurkenningu sem veitt er samkvæmt þessari reglugerð.“

6) Eftirfarandi athugasemd (i) er bætt við töfluna:

„(i) Vöktunarkerfi fyrir þrýsting í hjólbörðum fyrir ökutæki í flokki M1 er skyldubundið í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 661/2009. Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 141 gildir um viðurkenningu ökutækja í flokki M1 með allt að 3500 kg hámarks massa. Heimilt er að beita reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 141, að eigin frumkvæði, í tengslum við viðurkenningu ökutækja í flokki N1 sem eru ekki búin ási með tvöföldum hjólum.“

II. VIÐAUKI

Tilskipun 2007/46/EB er breytt sem hér segir:

- 1) Eftirfarandi nýir liðir 12.9, 12.9.1 og 12.9.2 bætast við í I. viðauka:

„12.9. Hjóðviðvörðunarkerfi (AVAS)

12.9.1 Gerðarviðurkenningarnúmer gerðar ökutækis með tilliti til hjóðmengunar í samræmi við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 138 (Stjtið. ESB L 9, 13.1.2017, bls. 33).

12.9.2 Fullbúin tilvísun í niðurstöður úr prófunum á hjóðmengunarstigum hjóðviðvörðunarkerfis sem eru mæld í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 540/2014 (*).

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 540/2014 frá 16. apríl 2014 um hjóðstig vélknúinna ökutækja og hjóðdeyfikerfa til endurnýjunar og breytingu á tilskipun 2007/46/EB og um niðurfellingu tilskipunar 70/157/EBE (Stjtið. ESB L 158, 27.5.2014, bls. 131).“

- 2) Eftirfarandi nýir liðir 12.9, 12.9.1 og 12.9.2 bætast við í A-þátt I. hluta III. viðauka:

„12.9. Hjóðviðvörðunarkerfi

12.9.1 Gerðarviðurkenningarnúmer gerðar ökutækis með tilliti til hjóðmengunar í samræmi við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 138.

12.9.2 Fullbúin tilvísun í niðurstöður úr prófunum á hjóðmengunarstigum hjóðviðvörðunarkerfis sem eru mæld í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 540/2014.“

- 3) Ákvæðum II. hluta IV. viðauka er breytt sem hér segir:

- a) í stað fyrstu málsgreinar fyrir neðan fyrirsögnina kemur eftirfarandi:

„Þar sem vísað er til sértilskipunar eða sérreglugerðar í töflunni í I. hluta skal almenn alþjóðleg gerðarviðurkenning fyrir fullbúin ökutæki, sem gefin er út samkvæmt reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 0 (*) og felur í sér gerðarviðurkenningu samkvæmt eftirfarandi reglugerðum Sameinuðu þjóðanna eða viðurkenningu sem er veitt samkvæmt eftirfarandi reglugerðum Sameinuðu þjóðanna sem Sambandið hefur gerst aðili að sem samningsaðili að samkomulagi frá 1958 sem var endurskoðað samkvæmt efnahagsnefnd Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu með skírskotun til ákvörðunar ráðsins 97/836/EB (**), eða eftirfylgjandi ákvörðunum ráðsins, sem um getur í 3. mgr. 3. gr. þeirrar tilskipunar, teljast jafngild EB-gerðarviðurkenningu sem veitt er samkvæmt viðkomandi sértilskipun eða sérreglugerð.

(*) Stjtið. ESB L 135, 31.5.2018, bls. 1.

(**) Stjtið. EB L 346, 17.12.1997, bls. 78.“

- b) Í stað töflunnar kemur eftirfarandi:

	„Viðfangsefni	Reglugerðir Sameinuðu þjóðanna	Röð breytinga	
1 (a)	Leyfilegt hjóðstig	51	02	
		59	01	
1a	Leyfilegt hjóðstig (tekur ekki til hjóðviðvörðunarkerfis og endurnýjunarhjóðdeyfa)	51	03	
		Hjóðviðvörðunarkerfi	138	01
		Hjóðdeyfikerfi til endurnýjunar	59	02
58	Vernd gangandi vegfarenda (nær ekki til hjálparátaks við hemlun og varnarbúnaðar að framan)	127	00	
		Hjálparátakskerfi fyrir hemla	139	00

	„Viðfangsefni	Reglugerðir Sameinuðu þjóðanna	Röð breytinga
59 (b)	Endurvinnanleiki	133	00
62 (e)	Vetnisgeymslakerfi	134	00
65	Háþróuð neyðarhemlunarkerfi	131	01
66	Akreinavari	130	00

Ath.: Kröfur um uppsetningu, sem er að finna í sértilskipun eða sérreglugerð, skulu einnig gilda um íhluti og aðskildar tæknieiningar sem hafa verið viðurkennd í samræmi við reglugerðir Sameinuðu þjóðanna.

(a) Númeraröð færslna í þessari töflu vísar til númeraraðarinnar í töflunni í I. hluta.

(b) Kröfurnar, sem settar eru fram í I. viðauka við tilskipun 2005/64/EB, skulu gilda.

(c) Gerðarviðurkenning vetnisgeymslakerfa og alls lokunarbúnaðar (hver tiltekinn íhlutur) er skyldubundin og nær ekki til efnisgæða allra íhlutanna sem falla undir 2. mgr. 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 79/2009.“